

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur: Raforkuhópur 2001-05**

**Fundartími: Þriðjudagur 4. september 2001 kl. 13:30**

**Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9**

**Fundarefni:**

1. **Skipan hópsins.**
2. **Raforkunotkun á fyrri helming ársins.**
3. **Notkunarflokkar raforku 2000.**
4. **Aflþörf raforkukerfisins 2000.**
5. **Endurreikningur raforkuspár, breyting forsendna.**
6. **Almennar forsendur orkuspáa.**
7. **Verkefni ársins 2001.**
8. **Önnur mál.**

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson  
Guðmundur Guðmundsson  
Eiríkur Bogason  
Eggert Guðjónsson  
Jakob Ólafsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV sagði að skipan hópsins þyrfti að breytast þar sem Guðmundur Valsson er hættur hjá Samorku, Rán Jónsdóttir er komin í nýtt starf hjá Landsvirkjun og Rafveita Hafnarfjarðar hefur sameinast Hitaveitu Suðurnesja. EB sagðist fyrst um sinn taka sæti Samorku í hópnum. EG sagðist gera ráð fyrir að taka sæti Landsvirkjunar fyrst um sinn uns ákvörðun verður tekin um framhaldið. JV var falið að ræða við Jón Gest Hermannsson um fulltrúa fyrir Hitaveitu Suðurnesja og Franz Árnason varðandi Norðurorku.
2. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins og tók fram að það vantaði smávægilega vinnslu. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 2,5% á fyrri hluta ársins. Flutningstöp hafa aukist um 11,4% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 14,8%. Stórnotkun vex um 3,3% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 0,5%. Sala á ótryggðri orku minnkar um 1,0%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en annar ársfjórðungur var hlýrri en á síðasta ári eða 6,4°C í stað 5,8°C. Aukning notkunar er meiri eftir hitastigsleiðréttingu og þar að auki kemur leiðrétting á árinu 2000 vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun almennrar forgangsortku eykst um 1,8% á fyrsta ársfjórðung ársins. JV sagði að þetta væri minni aukning en á síðasta ári og spurning er hvort hin mikla aukning sem verið hefur að undanfögnu sé gengin yfir. Hann fjallaði um þróunina hjá einstökum veitum á fyrri hluta ársins og kemur þar einnig fram minni aukning í forgangsortku á Suðvesturlandi en á síðasta ári hjá Hitaveitu Suðurnesja (0,8%), Rafveitu Hafnarfjarðar (4,8%) og Orkuveitu Reykjavíkur (4,1%). Aukning er einnig hjá Norðurorku (4,9%). Minnkun er hjá Rafmagnsveitum ríkisins (-0,5%) og Orkubúi Vestfjarða (-0,6%). Einnig er minnkun í eigin notkun Landsvirkjunar (tölur lagaðar eftir fund þar sem gögn í júní voru vitlaus frá Nesjavöllum).
3. JV sagðist vera búinn að fá notkunarflokkka frá öllum veitum og dreifði hann töflu sem hefur verið í viðauka í raforkuspánni. Hann benti á lítil töp hjá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur og sagði að ný sölukerfi hefðu gert veitunum erfitt um að skila inn þessum gögnum. Hann hvatti fyrirtækin til að bæta þessa gagnasöfnun þar sem hún væri undirstaðan í starfi hópsins. JV dreifði einnig töflum um þróun notkunar eftir flokkum frá 1992 og benti á þá flokka þar sem mestar breytingar hafa átt sér stað.
4. JV dreifði töflum sem hafa verið í viðauka raforkuspár um afl á síðasta ári. Hann sagði að ekki gengi nógu vel að safna þessum gögnum. Gögnin eru góð frá Rarik. Villur eru í gögnum sem koma frá kerfiráði Landsvirkjunar og hefði hann reynt að leiðrétta þau. Gögn vantaði frá Engidal hjá Orkubúi Vestfjarða og þrjá daga vantaði inn í tölur frá Mjólka. Gögn frá Nesjavöllum virtust vera augnabliksgildi í lok klukkutíma í stað meðalafis. Engin gögn fengust frá Svartsengi. Hann sagðist þó hafa fengið orkuvinnslu hvers dags og notað meðalafli dagsins við að áætla hæsta topp ársins. JÓ sagði að símasamband hefði fallið niðir við Engidal og hefði ekki komið athugasemd fyrr en JV fór að spyrjast fyrir um þessi gögn hjá LV. Ákveðið var að miða við meðalafli dagsins til að finna toppa á Suðurnesjum.

5. GG sagði að nýr samningur um ótryggða orku hefði verið gerður við fiskimjölsverksmiðju á Seyðisfirði og væri hann 15 MW. Hann sagði að þessi notkun hæfist um mitt næsta ár. Engir aðrir samningar hefðu verið gerðir nýlega en rætt hefur verið um nokkra smáa aðila. Hann benti á að raforkunotkun á ketil í Vestmannaeyjum hefði farið minnkandi þar sem þeir hafa sótt aukinn varma annað og ætlar JV að athuga það. EG sagði að ekki væri ákveðið endanlega með framhald vetnisframleiðslu í Áburðarverksmiðjunni en hann mun láta JV vita strax og endanleg niðurstaða liggur fyrir.
6. Rætt var um almennar forsendur orkuspánna en ekki kom fram nein tillag um breytingar þar.
7. Rætt var um verkefni ársins 2002. Menn voru sammála um að stefna að endurskoðun á raforkuspánni á næsta ári enda verða þá komin 5 ár frá síðustu spá. Engar hugmyndir komu fram um ný verkefni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:15. Næsti fundur ákveðinn 2. október 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2001, fyrri helmingur ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrri helmingur ársins. (JV)
- Orkusala rafveitna árið 2000 eftir notkunarflokkum. (JV)
- Raforkunotkun á Íslandi 1992-2000. (JV)
- Töflur úr raforkuspá með rauntölum ársins 2000. (JV)
- Töflur um afl ársins 2000. (JV)